



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019040056

15. apríl 2019

Reykjanesbraut, göngu- og hjólastígur frá Elliðaárdal (Fagrahvammi) að Stekkjarbakka

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir göngu- og hjólastíg samsíða Reykjanesbraut frá Fagrahvammi í Elliðaárdal að undirgöngum undir Stekkjarbakka í samræmi við frumdrögin á myndinni að neðan og hjólreiðaáætlun Reykjavíkur.

Kaflinn er um 600 m langur. Gert er ráð fyrir því að leið gangandi og hjólandi sé aðskilin á kaflanum og sjónlengdir bættar. Áætlaður kostnaður er um 100 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin greiði fyrir hluta kostnaðar í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.



Mynd 1 Frumdrög hjólastígs

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála